# Miðvikudagur 27. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (8)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Nýtt líf.** Íslensk gamanmynd eftir Þráin Bertelsson. Aðalhlutverk Karl Ágúst Úlfsson og Eggert Þorleifsson. Tveir æringjar fara til Vestmannaeyja til að græða peninga. Áður á dagskrá í janúar 1987.
22.00 **Árið 2048** (Året 2048). – Seinni hluti. Norsk fræðslumynd um gróðurhúsaáhrifin, hvort þau séu raunveruleiki og ef svo er hvort hægt sé að draga úr áhrifum þeirra. Þýðandi Jón O. Edwald.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Hjónaerjur** I Will, I Will . . . for Now. Létt gamanmynd um fráskilin hjón sem ákveða að hefja sambúð aftur. Þau gera með sér samning en þrátt fyrir það er allt í hers höndum. Aðalhlutverk: Elliott Gould, Diane Keaton, Paul Sorvino og Victoria Principal.
17.05 **Santa Barbara.**
17.55 **Ævintýri á Kýþeríu.** Adventures on Kythera. Annar hluti af sjö. Krakkarnir finna sér leynilegan fundarstað. Þau finna særða bréfdúfu sem ekki hefur komist á leiðarenda.
18.20 **Þorparar.** Minder. Þorparinn Terry hefur það verkefni að fylgjast með meistara í hnefaleikum sem er aftur kominn í hringinn eftir tveggja ára hlé. Sérstakur gestaleikari þáttarins er Jackie Collins. Aðalhlutverk: Dennis Waterman og George Cole.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Murphy Brown.** Það er enginn þáttur eins og þessi enda sló hann öll vinsældamet í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk. Candice Bergen.
20.55 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjörnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaraðferðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja.
21.50 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller. Óvenjulegur bandarískur spennuþáttur. Við viljum vekja athygli á því að þessi þáttur er ekki við hæfi barna. Aðalhlutverk. Gary Cole, Wendy Kilbourne, Arthur Taxier og Dennis Dun.
22.40 **David Lander.** This Is David Lander. Megum við kynna David Lander, mann sem er ekki hræddur við að spyrja viðkvæmra spurninga, ekki hræddur við að rannsaka viðkvæm mál og ekki hræddur um viðkvæmari líkamsparta sína ef hann nær í fréttina. . . ? Stephen Fry fer með aðalhlutverk rannsóknarblaðamannsins í þessum nýju, bresku gamanþáttum. Annar þáttur af sex.
23.05 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone. Skil hins raunverulega og óraunverulega geta verið óljós. Allt getur því gerst í ljósaskiptunum.
23.30 **Góða nótt, mamma** 'Night mother. Fráskilin kona hefur ákveðið að svipta sig lífi. Einu áhyggjurnar sem hún hefur eru þær hvort móðir hennar muni spjara sig ein. Aðalhlutverk: Sissy Spacek og Anne Bancroft. Leikstjóri: Tom Moore.
1.05 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Sigurði Einarssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Litli forvitni fíllinn eftir Rudyard Kipling. Kristín Helgadóttir les fyrri hluta sögunnar. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Þorkell Björnsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Úr söguskjóðunni** – Eldhuginn í Landsbókasafninu. Þáttur um Jón Ólafsson ritstjóra og störf hans á Landsbókasafni. Umsjón: Unnur Björk Lárusdóttir. Lesari: Egill Ólafsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Sláturtíð. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri.)
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (7).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.**
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Dagbók frá Berlín.** Síðari þáttur um endurminningar Maríu Vassiltsíkovu frá árum seinni heimsstyrjaldar. Umsjón: Kristín Ástgeirsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Sjostakovits og Stravinsky.
18.00 **Fréttir.** .
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Litli forvitni fíllinn eftir Rudyard Kipling. Kristín Helgadóttir les fyrri hluta sögunnar. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir.
21.00 **Úr byggðum vestra.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði.)
21.40 **Vita Andersen og Hvora höndina viltu.** Umsjón: Friðrik Rafnsson. (Áður á dagskrá 8. desember 1988.)
22.00 **Fréttir.** .
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.30 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fimmti og lokaþáttur um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Vernharður Linnet.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Blítt og létt.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins rómaða, Bobs Dylans. (Endurtekinn fjórði þáttur frá sunnudegi á Rás 2.)
3.00 **Næturnótur.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt.** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Alls kyns upplýsingar fyrir hlustendur sem vilja fylgjast með, fréttir og veður á sínum stað. **Fréttir fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast.**
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Sérstaklega vel valin og þægileg tónlist sem heldur öllum í góðu skapi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Leitaðu ekki langt yfir skammt. Allt á sínum stað, tónlist og afmæliskveðjur.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Afslappandi tónlist í klukkustund.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Halli er með óskalögin í pokahorninu og ávallt í sambandi við íþróttadeildina þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson,** Fréttir og alls kyns upplýsingar, sem þú vilt vita, heyrirðu hjá Togga. Stjörnuskot kl. 9 og 10.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Hér er maður á ferðinni sem sefur brosandi, og er alltaf í stuði. Hádegisverðarpotturinn, óskalög og afmæliskveðjur. Stjörnuskot kl. 11 og 13.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þú getur treyst á það að heyra flest nýjustu lögin hjá Möggu á daginn. Stjörnuskáldið valið um 16:30. Þú getur Talað út eftir sex um hvað sem er í 30 sekúndur. Stjörnuskot kl. 15 og 17.
19.00 **Kristófer Helgason.** Ertu í stuði, viltu senda kveðju eða óskalag? Hafðu samband við Kristó á kvöldin.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
14:30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E
15.30 **Samtök Græningja. E.**
**16.00 Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
**18.00 Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans Konráð Kristinssyni.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Beyond 2000.** Nýjasta tækni og vísindi.
19.00 **Moonlighting.** Framhaldsseria.
20.00 **Wiseguy.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **The Last Giraffe.**
15.00 **Wind in the Willows.**
16.00 **The Dark Crystal.**
19.00 **The Gunfighter.**
21.00 **Maximum Overdrive.**
22.40 **Fighting Mad.**
00.15 **The Hitchhiker.**
00.45 **Performance.**
03.00 **The Drak Crystal.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
10.00 **Golf.** St. Mellion Challange í Cornwall.
11.00 **Knattspyrna.** Leikir í Írlandi.
12.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
13.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
14.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi. Svipmyndir frá keppninni.
15.00 **Kappakstur.** Formula 1 í Algarve í Portugal.
16.00 **Tennis.** The Nike Tennis Internationale í München.
18.00 **Trans World Sport.** Kappakstur.
19.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
20.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi. Svipmyndir frá keppninni.
21.00 **Knattspyrna.** Leikir í Evrópukeppni.
23.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## SUPER CHANNEL

14.00 **Look Out Europe.**
14.30 **Vinsældalistatónlist.**
15.30 **On the Air.** Popptónlist.
17.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
18.30 **The Lloyd Bridges Show.**
19.00 **Bringing up Baby.** Kvikmynd.
20.50 **Fréttir og veður.**
21.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
21.55 **Barnaby Jones.** Spennumyndaflokkur.
22.50 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Jack Killian með vini sínu og samstarfsmanni, Carl Zymak.

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Ógnir um óttubil

Ógnir um óttubil er bandarískur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum. Aðalsöguhetjan er lögreglumaðurinn Jack Killian sem verður fyrir því óláni að verða starfsfélaga sínum að bana. Hann hætti störfum í lögreglunni og á í erfiðleikum með að horfast í augu við lífið. Honum býðst starf við næturútsendingar í útvarpi og eygir tækifæri til að ná sér upp úr eymdinni. Ekki líður á löngu þar til honum hefur tekist að ná eyrum hlustenda með nýstárlegum hætti og tekur að sér að leysa glæpamál og aðstoða fórnarlömb í beinni útsendingu. -JJ



Victoria Principal og Elliott Gould í hlutverkum sínum.

### Stöð 2 kl. 15.25:

# Hjónaerjur

Fráskilin hjón reyna að taka upp þráðinn að nýju en tekst illa upp þrátt fyrir góðan ásetning. Þetta er aðalinntak gamanmyndar með Elliott Gould og Diane Keaton í aðalhlutverkum.

Les Bingham (Gould) er afbrýðisamur út í ástarsamband fyrrverandi eiginkonu sinnar. Reyndar veit hann ekki að þar á hlut að máli lögfræðingur hans, Lou Springer.

Þau fá þá hugmynd að byrja sambúð að nýju – í opnu hjónabandi – og gera samning þar að lútandi. Auðvitað sér elskhuginn og lögfræðingurinn Springer um lagalegu hlið málanna. Þrátt fyrir samninginn gengur allt á afturfótunum og að lokum leita þau til hjónabandsráðgjafa. Þar hitta þau nágranna sína sem líka voru sendir af Springer á staðinn. Allt fer í háaloft en sættir takast að lokum.
Kvikmyndahandbókin gefur myndinni tvær stjörnur. -JJ

### Rás 1 kl. 21.40:

# Hvora höndina viltu?

## – um Vitu Andersen

Danska skáldkonan Vita Andersen vakti fyrst verulega athygli hérlendis þegar bók hennar Haltu kjafti og vertu sæt kom fyrst út í íslenskri þýðingu. Á síðasta ári var fyrsta skáldsaga hennar, Hvora höndina viltu, lesin sem miðdegissaga en Inga Birna Jónsdóttir þýddi. Í desember sl. kom skáldkonan í heimsókn til Íslands, las úr sögunni og svaraði fyrirspurnum í Odda, hugvísindahúsi Háskólans. Umsjónarmenn Kviksjár í fyrra, Halldóra Friðjónsdóttir og Friðrik Rafnsson, spjölluðu við skáldkonuna og í kvöld verður viðtalið endurflutt á rás 1 auk þess sem lesið verður úr sögunni Hvora höndina viltu? Þátturinn var áður á dagskrá 12. desember sl. -JJ



Danska skáldsagan Vita Andersen.